

Fólksflutningar, réttlæti og val hinna verðugu



Málstofa til heiðurs Helgu Katrínar Tryggvadóttur var haldin 30.mars s.l. í Þjóðminjasafni Íslands.

En um hvað snýst það?

Verkefnið heitir hreyfanleiki og þverþjóðleiki (já ég veit orðið er skrítið) á Íslandi og er hluti af rannsókn í teymi innan Háskóla Íslands. Titillinn er þýðing á enska heitinu Mobilities and Transnational Iceland.

Helga Katrín var mannfræðingur og vann að doktorsritgerð, sem ber þetta heiti hér að ofan. Sérstaklega beindi hún rannsókninni að upplifun hælisleitenda hér á landi. Hún var sem sagt að taka viðtöl við flóttafólk og hælisleitendur, fólk af því tagi sem hafa birst undanfarnar vikur í fjölmiðlum, í mótmælum á Austurvelli, fólk sem bíður og bíður eftir niðurstöðu. Helga hitti þetta fólk oft ein síns liðs, stundum með túlk með sér og það treysti henni. Hún hefði lokið doktorsritgerðinni hefði henni enst aldur til nú í vor.

Í málstofunni voru flutt mörg erindi. Hægt er að lesa dagskrána á facebook undir þessu heiti hér að ofan. Öll sneru þau að þessu verki sem ekki tókst að ljúka, en eflaust verður því haldið áfram af góðu fólki. Helga Katrín átti mörgu ólokið en hún kom mörgu í verk. Að lokum set ég hér fyrir neðan, hluta úr setningarávarpi Jóns Levy Guðmundssonar með hans leyfi:

„Svona var ástríða hennar og baráttuvilji fyrir fólki sem fæðist á óheppilegum stað á óheppilegum tíma, og ekkert þjóðríki vil sjá. Ekki einu sinni börn. Hvergi fær það að vera á þessari plánetu. Það er eiginlega óskiljanlegt að það sé ekki hver einasti Íslendingur brjálaður yfir þessu. En það er einmitt kjarni málsins.

Af hverju stafar það?

Það er verkefnið sem hún tók sér fyrir hendur, sem bar titilinn „Að velja hina verðugu“. Byggt á kenningum Heath Cabot um hverju eru verðugir til að fá stöðu flóttamanns, og hvernig rasismi spilar þar inn í. Það var ekki á hana bætandi þegar Haukur Hilmarson, félagi okkar, var talinn hafa farist í sprengjuárás í Afrín í Sýrlandi og yfirvöld sýndu því lítinn sem engan áhuga og gáfu engin svör um hvernig þau ætluðu að beita sér í málinu. Á sama tíma og hún var að skrifa bókakafla skrifaði hún greinar, bréf til ráðherra og mætti svo haltrandi og orkulaus niður á Austurvöll þann 17. mars í mótmæli og flutti ræðu.

Þetta var hún Helga okkar.

En greinaskrif var ekki það eina sem hún gerði á meðan meðferðinni stóð. Rasismi og hatursorðræða var henni hjartans mál. Verkefnið sem Helga var hluti af, og heldur þetta málþing, Mobilities and Transnational Iceland, hélt reglulegar vinnustofur, bæði hér á landi og erlendis. Fyrir vinnustofuna sem var

haldin á Laugarvatni í apríl á síðasta ári ákvað hún að taka fyrir hatursorðræðu á netinu.

Fljótt komst hún að því að það þyrfti að fara í gegnum mörg ár af birtum fréttum frá helstu fjölmiðlum landsins og allar facebook athugasemdir sem þeim fylgdu. Þannig að, í þriðju lyfjameðferðinni ákvað hún sem sagt að læra að forrita. Henni langaði til að sækja þessi gögn sjálfvirk og skrifa svo greiningartól til að hjálpa sér við greiningu á athugasemdunum. Henni tókst þetta á einum mánuði. Ofan á allt annað.

Aktivismi eða akademía?

Helga var virk í samtökunum No Borders alveg þar til hún lést. Þegar hún var komin í doktorsnámið talaði hún um hvernig henni fannst þetta vera tveir aðskildir heimar, og að sameina þá væri snúið.

Hún talaði oft um hvernig henni fannst hún fjarlægjast aktivisma því meira sem hún varð hluti af akademíunni. Við ræddum mikið af hverju þessir heimar væru aðskildir en ekki sameinaðir. Það er spurning sem við náðum ekki að svara en eflaust búið að spyrja og svara margoft.



Hún spurði sig oft, til hvers er ég að þessu? Hverju er ég að fara að breyta með því að rannsaka og skrifa um málefni sem er öllum ljóst en ekkert stjórnvald vill breyta? Og hver annar en þeir sem nú þegar hafa áhuga á málefnum er að fara að lesa það sem ég er að skrifa? Hvern er ég að reyna að sannfæra?

Niðurstaðan var yfirleitt þessi: því það hjálpar mér að verða betri aktivisti.

Og henni tókst það. Greinar samþykktar í ritrýnd tímarit og kaflar í útgefnum bókum á sama tíma og hún tók þátt í beinum aðgerðum.

Þetta virðist vera hægt. Kannski þurfum við fleiri aktivista í akademíuna, nú eða að akademían

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

**FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS**



ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

**HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON**



859-9559

**Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017**

**Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736**

skili frá sér fleiri aktivistum.“

Já þetta var hún Helga Katrín. Fyrir utan fræðistörfin, stóð hún fyrir söfnun á fötum fyrir flóttamenn í Calais í Frakklandi, sinnti ungum dætrum sínum, kom heim að Hlíð, skrapp á hestbak með krökkunum, smalaði, stakk upp kálgarðinn, sáði og setti niður kartöflur, fór í heyskapinn og í mjaltir og gafst aldrei upp í neinu verki. Þannig var hún rauðhærða, glaðværa og glettna stúlkan með ríku réttlætiskennndina.

Við sem eftir stöndum, hnípin og oft sorgmædd minnumst hennar best með því að halda uppi merkinu.

REISUM EKKI GIRÐINGAR,
BURT MEÐ FORDÓMA!

Anna í Hlíð.



Heilsugæslustöðin Laugarási

Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga
(Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt
en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum
og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Tímur málað og ómálað.
Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot.
Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint).
Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.
Raftæki.

Umsjónarmaður: Þorsteinn Hauksson GSM: 866-5825



Hægelduð nautalund (f. ca. 4)

1 kíló nautalund
1-2 msk smjör
1 msk ólífúolíu
salt & nýmalaður svartur pipar
plastfilma

Kartöflugratín

Kartöflur 1/2 kíló sneiddar
þunnar
2 laukar smátt saxaðir
1 peli af rjóma
1 hvítlauks ostur rifin niður
Rifinn ostur

Það sem er mikilvægast í
matargerð að mínu mati er gott
hráefni og mikið smjör

Ég mæli að sjálfsögðu með
nautakjöti beint frá framleið-
anda úr okkar héraði og þegar
það er eldað er "low and slow"
lykil atriði.

Ef nautalundin er frosin þá er
hún látin þiðna í ísskáp í einn
til tvo sólarhringa. Þegar það er
þiðið er best að geyma það allt
uppi 2 vikur í ísskáp ef þolin-
mæðin er til staðar og stilla þá
ísskápinn mjög kaldan helst
undir 2 gráðum. Fyrir eldun
þarf svo að láta kjötið ná stofu-
hita.



Því næst er það eldun, það eru
ýmsar leiðir til þess ég kys helst
að smella lundinni á grillið,
en það má líka steikja hana á
pönnu.

Kryddið lundina með pipar,

smjóri og ólífúolíu. Annað
krydd er óþarft ef þið eruð með
gott hráefni (ekki salta fyrir eld-
un það losar vökva úr kjötinu)

Eldið í ca. 2 mín á öllum hliðum
við mjög háan hita og látið
síðan standa í 5-10 mín. Vefjið
það svo inni plastfilmu og eldið
það inni ofn á 57 gráðum í 3-4
tíma eða þar til kjarnhiti nær 57
gráðum þá er kjötið "medium
rare"

Nú má setja salt og jafnvel
meiri pipar ef vill. Og jafnvel
svissa það aðeins uppúr smjóri
á pönnu.

Þá er síðast að láta kjötið standa
í ca 15 mín undir tusku eða ál-
pappír.

Kartöflugratínið er heldur ein-
faldara, öllu sullað saman í eld-
fast mót nema osturinn hann
fer yfir og sett inni ofn þar til
það er tilbúið

Sneiðið svo lundina í ca 1cm
sneiðar og leggið yfir kartöflur-
nar, smá gras á milli og stráðið
pármesan flögum og grófu salti
yfir.

Sósa er óþörf poppið bara 1
rauðvín og þá eru allir sáttir

*Skora á Davíð Óskar meistara
að koma með næstu uppskrift.*

Kveðja, Vilmundur Jónsson

VATNSLEIKFIMI

Fyrir alla 60 ára og eldri
í Skeiða- og
Gnúpverjahreppi.

Mánudaga kl. 16:30
í Skeiðalaug.



Fréttir frá Þjórsárskóla

Árshátíð Þjórsárskóla 2019

Föstudaginn 15. mars var árshátíðin okkar í Þjórsárskóla. Í ár var unnið með Jón Odd og Jón Bjarna en Halla Guðmundsdóttir skrifaði leikritið eftir bókum Guðrúnar Helgadóttur og leikstýrði.



Nemendur tóku virkan þátt í undirbúningi fyrir árshátíðina. Unnið var á stöðvum við að útbúa leikmynd, leikmuni, veggmyndir og búninga. Þá voru söngtextar og leikrit einnig æfð daglega.



Árshátíðin er skemmtilegt uppbrot á skólastarfi þar sem allir leggja sitt að mörkum og vinna saman. Við erum stolt af duglegu og hæfileikaríku nemendum okkar sem lögðu sig fram og stóðu sig með stakri þrýði.

Dagur gegn kynþáttamisrétti

Njótum þess að vera ólík og alls konar, var yfirskrift dagsins. Kynþáttamisrétti var rætt í bekkjum skólans og mikilvægi þess að koma vel fram við alla. Allir starfsmenn og nemendur fóru síðan út, tóku höndum saman og mynduðum hring kringum fótboltavöllinn til þess að sýna samstöðu.



Lestur í 1. og 2. bekk

Við erum dugleg að lesa í 1. og 2. bekk og sérstaklega er gaman þegar við fáum gesti sem aðstoða okkur. Stundum fáum við vini úr 7. bekk sem hlusta á okkur lesa og nú á dögnum komu nokkrir drengir úr 4. bekk til okkar. Þeir voru dug-

legir að hrósa okkur og hvetja okkur áfram. Flottar fyrirmyndir.



Lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar

Þriðjudaginn 26. mars var lokahátíð stóru upplestrarkeppinnar haldin á Laugarvatni. Alls kepptu níu nemendur úr fimm skólum. Fyrir Þjórsárskóla kepptu Sólís Dúna og Þórhildur. Báðar stóðu sig mjög vel. Sólís spilaði líka á píanó fyrir viðstadda. Þórhildur hreppti annað sætið. Við erum mjög stolt af þeim árangri. Til hamingju Þórhildur.



Páskaungar

Það ríkti mikil eftirvænting hjá nemendum í vikunni. Valgerður á Húsatóftum kom með útungunarvél í skólann og börnin fengu að fylgjast með litlum hnoðrum skriða úr eggjum. Takk fyrir Valgerður.



Leikskólinn Leikholt

Í Leikholti er alltaf líf og fjör og mikið að gera. Börnin eru nú orðin 28 talsins en eitt barn byrjaði hjá okkur í byrjun apríl og síðan byrja fleiri í maí og verða því börnin orðin 31 í Leikholti í lok maí.



Í Leikholti vinnum við með vináttuverkefnið Blæ, efnið er á vegum Barnaheilla og er forvarnarverkefni gegn einelti. Nýlega var gefið út efni fyrir börn 1-3 ára og fóru tveir leikskólakennarar á námskeið í því í febrúar og eru nú börnin á Heklu, yngri deildinni komin með bangsann Blæ og farin að læra um samskipti og vináttu.



Leikholt tekur þátt í Erasmus+ verkefni núna þetta ár og næsta skólaár. Verkefnið heitir Hob's Adventure og taka nokkrir skólar þátt frá fjórum mismundandi löndum; Íslandi, Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. Verkefnið gengur út á að búa til kennsluáætlanir í tengslum við ræktun og lífbreytileika. Eingöngu skólar sem eru með Grænfána taka þátt í verkefninu. Við í Leikholti ætlum að rækta grænmeti og ávexti og segjum betur frá því seinna og

birtum myndir.

Núna í mars og apríl eru börnin í óða önn að undirbúa árshátíðina sem verður 11. apríl, við hlökkum til að birta myndir af þeirri hátíð.



Myndirnar sem við sendum í þetta fréttabréf eru af Heklubörnum með Blæ bangsana sína og Vörðufells börnum í salnum í íþróttatíma og einnig úti að leika sér í snjónum. Veðrið er einnig búið að leika við okkur síðustu daga og höfum við getað verið mikið úti og jafnvel drukkið síðdegishressinguna okkar úti á finu bekkjunum okkar í leikskólagarðinum.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.



Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:
Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16
Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús
Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórsárskóli
Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Molar úr fundargerðum 17 (20. mars) og 18 (3. apríl)

Fundargerð 17

1. Landsvirkjun. Georg Pálsson og Olivera Liic frá Búrfellsstöð mættu til fundar og greindu frá verkefnum á Þjórsársvæði Landsvirkjunar. Fastir starfsmenn eru 46 um þessar mundir og hefur fjölgað. Auk þess bætast við sumarstarfsmenn. Búrfell 2 var tekin í notkun á árinu 2018 og gengur vel. Skýrsla unnin um samfélagsleg áhrif virkjana á Þjórsár- og Tungnársvæði. Þau fóru yfir helstu framkvæmdir. Verið er að taka upp allar vélar í Búrfelli 1. Tvær vélar verða teknar upp á þessu ári. Verið er að undirbúa lagningu nýs vegar að Hjalparfossi og færslu á vegi og brú við Sultartangastöð. Lagfæringar girðinga og skógrækt eru meðal verkefna. Fyrirhuguð er framkvæmd á gönguleið um Búrfellsskóg. Endurhönnun Búrfellslundar er í vinnslu.

2. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Skýrsla Skipulagsstofnunar. Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun. Undirritað af Hafðísi Hafliðadóttur og Birnu Árnadóttur. Stofnuninni voru send drög að aðalskipulaginu og hafa þau verið yfirfarin af starfsmönnum stofnunarinnar. Bent er á nokkur atriði sem þörf er á að lagfæra að mati stofnunarinnar. Ekki er gerð athugasemd við að aðalskipulagstíllagan veðri auglýst að því tilskyldu að lagfæringar á tilteknum atriðum fari fram. Samþykkt að fela Gísla Gíslasyni skipulagsráðgjafa að lagfæra tilgreind atriði.

3. Rekstur Skeiðalaugar. Umsókn aðila um rekstur. Lagt var fram tilboð Eypórs Brynjólfssonar kt. 151056-2969 um rekstur Skeiðalaugar frá 1. apríl 2019-31. desember 2021. Samþykkt samhljóða að ganga til samninga til Eypór um rekstur Skeiðalaugar frá 1. apríl 2019 til 1. apríl 2020 með möguleika á framlengingu. Í samningnum felst meðal annars að greiddar verða til rekstraraðila 440.000 kr. pr mánuð. Samningur mun ekki hafa áhrif á fjárhagsáætlun. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi og undirrita.

4. Lóðarleigusamningar við Suðurbraut. Lögð fram drög að lóðaleigusamningum lóðanna Suðurbraut 1,2,3,4,5,6,7,8,9,10 og 12. Lóðarhafar Björgunarsveitin Sigurgeir og Nesey ehf. Samningar samþykktir samhljóða og sveitarstjóra falið að undirrita samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Erindi frá Matthíasi Bjarnasyni. Varðar heimasíðu sveitarfélagsins. Matthías benti á að úrbóta væri þörf á heimasíðu sveitarfélagsins og bæta þurfi þar upplýsingagjöf. Sveitarstjórn samþykkir að skipa rýnihóp vegna heimasíðu sveitarfélagsins. Hópurinn hafi það hlutverk að benda á hvað þurfi betur fara varðandi heimasíðuna. Samþykkt samhljóða að skipa Mattías Bjarnason, Matthildi Guðmundsdóttur og Pálinu Axelsdóttur. Matthías verði formaður rýnihópsins.

Fundargerðir:

6. Úrgangsmál á Suðurlandi. Lagt fram bréf frá SASS undirritað af Bjarna Guðmundssyni framkvæmdastjóra. Áhersluverkefnið: úrgangsmál og meðhöndlun úrgangs er hafið. Elísabet Björney hefur verið ráðin til að annast verkefnið. Óskað er eftir upplýsingum varðandi sorpmál í hverju sveitarfélagi, auk þess óskað er eftir tengilið við sveitarfélagið vegna verkefnisins. Samþykkt að sveitarstjóri verði tengiliður vegna verkefnisins.

7. Lóðarleigusamningur við Þrándarholt sf. Varðar Bugðugerði 9. Þarfnast staðfestingar. Lóðarleigu samningur staðfestur samhljóða.

8. Umsókn um sumarrekstur í Árnesi sumarið 2019. Birgir S. Birgisson og Ólöf Birgisdóttir sækja um að annast rekstur í Árnesi og Nónsteini sem og tjaldsvæði við Árnes. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi við ofangreinda aðila.

9. Samningur milli Landbótafélags Gnúpverja og sveitarfélagsins. Sveitarstjóri lagði fram drög að samningi milli Landsbótafélagsins og sveitarfélagsins. Samningur gildi til ársloka 2024. Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

10. Samgöngunefnd SASS. Lagt fram bréf frá samgöngunefnd SASS. Undirritað af Sæmundi Helgasyni formanni. Þar er óskað eftir að sveitarfélög svari eftirfarandi spurningum.

1. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í nýframkvæmdum er varða samgöngur í sveitarfélaginu ykkar?

Helstu þrjú forgangsverkefni innan sveitar.

A. Breikkun vegar frá Sandlækjarskóli að Árnesi.

B. Lagning nýs vegar frá Ásum að

Laxárdal

C. Vegur að Búða og brúargerð yfir Þjórsá

D. Aðkoma að Skeiðháholti.

2. Hver eru þrjú helstu forgangsverkefni í rekstri og viðhaldi samgöngumannvirkja í sveitarfélaginu ykkar?

Þrjú forgangsverkefni í viðhaldi.

A. Uppbygging -viðhald Vorsabæjarvegar og að Fjalli

B. Lagfæring Stóra-Núpsvegar.

3. Ef horft er á Suðurland sem heild, hvaða þrjár samgönguförumkvæmdir myndi sveitarstjórn ykkar setja fremst á blað, aðrar en í ykkar sveitarfélagi?

A. Ný Ölfusárbrú.

B. Flóavegur að Bitru.

C. Tvöföldun brúar á Stóru-Laxá?

4. Hver er afstaða sveitarstjórnar er varða áætlanir ríkisstjórnar um veggjöld? Sveitarstjórn telur slíka gjaldtöku varasama ef ekki kemur til breyting á öðrum gjöldum.

5. Hvaða sýn hefur sveitarstjórn á fyrirkomulag almenningssamgangna á Suðurlandi. Fyrst þarf að taka ákvörðun um hvort almenningssamgöngur eigi yfir höfuð að vera starfræktar.



Fundargerð 18

1. Velferðarþjónusta Árnesþings

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu Velferðarþjónustu Árnesþings, mætti til fundarins og greindi frá umfangi þjónustunnar og verkefnum sem eru töluverð. Rætt um nauðsyn þess að auka möguleika fólks til hreyfingar.

Mikill kostur að hafa miðstöð heimaþjónustu inni í heilsugæslunni.

Verið að fækka dvalarrýmum vegna stefnu um aukna heimaþjónustu. Vöntun á aðstöðu þar sem hægt er að hafa bæði sjúkra- og dvalarheimilis úrræði á sama stað til að koma í veg fyrir aðskilnað hjóna. Vöntun á hjúkranarrýmum töluverð.

Farið vítt yfir möguleg úrræði fyrir eldra fólk, öryrkja og sjúklinga. Aðkallandi að bæta akstur fólks til

nauðsynlegrar þjónustu. Mætti finna leiðir til að bæta skipulag.

2. Reykholt-Umsögn-umhverfismat

Magnús Orri og Hartmann Kárasón mættu fyrir hönd Rauðakambs og fóru yfir stöðu verkefnisins í ljósi úrskurðar skipulagsstofnunnar um þörf á umhverfismati.

Farið yfir umsögn forsætisráðuneytis um byggingu baðlóns og hótels við Rauðakamb í Þjórsárdal. Önnur erindi sem málefnið tengiast koma of seint fram til að hægt sé að ræða formlega.

Anna Sigríður lagði fram eftirfarandi bókun:

“Ég er mjög ósátt við að langri kynningu frá aðstandendum Rauðakambs sé troðið inn á dagskrá án fyrirvara, a.m.k til sums fundarfólks, og að vera sett í þá stöðu að þurfa mótmæla að þeim aðilum viðstöddum.”

3. Nýtt vegstæði að Hjalparfossi

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að Landsvirkjun hafi með tilkynningu um matskyldu í fl. C, og þeirri greinargerð sem fylgdi með, gert nægilega grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar, líklegum umhverfisáhrifum og aðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Þó að um uppbyggðan veg sé að ræða þá muni sjónræn áhrif verða hverfandi þegar fram líða stundir. Færsla vegarins er talin vera óveruleg. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er framkvæmdin ekki talin af þeirra stærðargráðu að hún kalli á mat á umhverfisáhrifum.

5. Færsla á Sultartangabrá og veglagning

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur að Landsvirkjun hafi með tilkynningu um matskyldu í fl. C, og þeirri greinargerð sem fylgdi með, gert nægilega grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar, líklegum umhverfisáhrifum og aðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Ljóst er að nauðsynlegt er vegna skemmda í núverandi brú og frárennisskurði að fara í ofangreindar framkvæmdir, þ.e. færslu á vegi og byggingu nýrrar brúar.

Það er mat skipulagsnefndar/sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að færsla vegarins og bygging brúar sé talin vera óveruleg og

verður nýtt vegstæði fært inn á aðal-skipulagsuppdrátt í endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nú er til skoðunar hjá Skipulagsstofnun.

Að mati Sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er framkvæmdin ekki talin af þeirra stærðargráðu að hún kalli á mat á umhverfisáhrifum.

6. Tilboð íbúðir fyrir sveitarfélagið 2019

Sveitarstjóra og oddvita falið að meta tilboðin og ræða við aðila til að meta kosti og galla tilboðanna fyrir næsta fund.

7. Ráðning starfsmanns áhaldahús

Alls 4 sóttu um og einn dró umsókn til baka. Eftir viðtöl og mat á umsækjendum var Bjarni Jónsson talinn hæfastur og Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi með ákvæðum um reynslutíma.

8. Starfsmannamál

Samþykkt að lækka vinnuskyldu starfsmanna sveitarfélagsins frá 67 ára aldri um 10% í tilraunaskyni frá og með 1. apríl. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum.

9. Tilnefning fulltrúa í ungmennaráð Suðurlands

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tilnefnir Matthías Bjarnason sem aðalmann í ungmennaráð Suðurlands. jafnframt biðst Ástráður Unnar Sigurðsson lausnar sem aðalmaður og verður tilnefndur sem varamaður.

10. Fundur Oddvitaneftdar 27.03.19

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Sveitarstjórn lýsir yfir þungum áhyggjum af mikilli óvissu á endanlegum byggingakostnaði. Setur jafnframt fram spurningu um val á byggingastað.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is



Ábyrgðarmaður:

Kristófer A. Tómasson

Umsjón og umbrot:

RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson

Heimasíða: www.skeidgnup.is

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er:

föstudaginn 3. maí

Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Fögrusteinar

BÆNDUR ATHUGIÐ!

Nú styttest í vorið og gott að fara að huga að vorverkum.

Við tökum m.a. að okkur áburðardreifingu, erum með fullkominn tölvustýrðan áburðardreifara.

Upplýsingar í síma 8941130 Siggí.

Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: fogrusteinar@fogrusteinar.is

LÁTTU DRAUMINN RÆTAST Á SPÁNI



Ertu að leita þér að fasteign
í **sólinni** á **Spáni** ?

Við finnum **draumaeignina**
FYRIR ÞIG !



zaltproperties.com

Árshátíð unglingastigs í Flúðaskóla skólárið 2018-2019



Miðvikudagskvöldið 27. mars héldu nemendur unglingastigs í Flúðaskóla árshátíð sína með pompi og prakt. Nokkur hefð hefur skapast fyrir því að sett sé á svið leikrit á unglingastigi, en það var í fyrsta skipti gert árið 2014. Á þessum árum hafa mörg snilldarverkin verið sett upp. Vinnan í kringum sýningarnar hefur þróast og breyst. Nú er svo komið að allir nemendur í 8.-10. bekk taka



þátt í árshátíðarvali. Í ár hófst valið í nóvember. Kennarar og nemendur sem leggja í hugmyndavinnu með efnistöð og smátt og smátt verður til leikverk sem í ár ber heitið Tíminn flýgur áfram. Verkið gerist á þremur æviskeiðum í lífi nokkurra einstaklinga. Það er í senn fyndið, hefur boðskap að færa og þar fá að njóta sín ótrúlegir hæfileikar nemenda

okkar. Þar er sungið, leikið, grátið og hlegið. Gríðarleg vinna liggur að baki sýningu sem þessari. Nemendur hafa staðið sig frábærlega og það sama á svo sannarlega við um kennarana sem halda utan um valið. Leiðandi í þessu starfi er Árni Þór Hilmarsson. Í ár var árshátíðarvalið unnið í samstarfi við Stefán Þorleifsson í Tónsmiðju Suðurlands.



Það er ómetanlegt að fá að fylgjast með vinnu sem þessari og sjá glæsilegan afrakstur starfsins. Það er geysilega mikið nám sem á sér stað í þessu ferli, og gaman að sjá einstaklingana blómstra, hvern á sínum forsendum, hvort sem það er í leik, söng, tæknimálum, hugmyndavinnu, sem sviðsmenn eða við leikmuna- og leikmyndagerð.

Skólastjórnendur Flúðaskóla

Búum vel

Kvenfélögin og búnaðarfélögin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi taka höndum saman.

Kvenfélögin og búnaðarfélögin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi taka höndum saman og bjóða til fundar sem fjallar um heilsu og vinnuvernd bænda.

Verkefnið „Búum vel“ hefur verið rekið um árabíl í samvinnu Bændasamtakanna og búnaðarsambanda víðs vegar um landið. Haldin hafa verið erindi á nokkrum stöðum og er greinilegt á mætingu og umræðum fundargesta að málefnið vekur áhuga og er brýnt. Hvetjum fólk til að mæta!

Mánudaginn 15. apríl kl. 20.00 í Félagsheimilinu Brautarholti, Skeiðum.

Dagskrá:

Guðmundur Hallgrímsson segir frá verkefninu „Búum vel“.

Pétur Skarphéðinsson, læknir, fjallar um vinnuumhverfi bænda.

Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur fjallar um þunglyndi og kvíða, byrjunareinkenni og hvað sé til varnar.

Kvenfélögin bjóða upp á veitingar í hléi.

*Kvenfélag Gnúpverja
Kvenfélag Skeiðamanna
Búnaðarfélag Skeiðamanna
Búnaðarfélag Gnúpverja
Bændasamtök Íslands*

Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2019

Tæki félagsins eru í umsjá Einars Guðnasonar í Heiðarbrún og eru þau sótt og þeim skilað til hans.

Sími 848 1619. Senda skal smáskilaboð til umsjónarmanns með tímafjölda notkunar strax við skil.

Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna. Ætlast er til þess að tækjum sé skilað hreinum. Ef misbrestur er á því kemur til þrífagjald.

Ef skemmdir verða á tækjum greiðist viðgerð af leigutaka.

2019			
Tæki	kr	@	Ath:
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3.200	klst	Lágmarksgjald 6000
NYTT Vendiþlógur – opinn, 5 skera	4.000	dag	+ 440 kr/km
Pinnatætari	4.200	klst	
Hnífatætari	4.200	klst	
Fjaðrahærfi	2.700	klst	Lágmarksgjald 5000
Hefill	3.300	klst	Fyrstu 5 klst, síðan 2000. Lágmarksgjald 4000
Flag- og túnvalti 6,3 m,	5.000	klst	Fyrstu 5 klst, síðan 2500
Slóði	3.900	klst	
NYTT Haugsuga 12 T	16.000	dag	
NYTT Haugsuga 15 T	18.000	dag	
NYTT Taðdreyfari	18.000	dag	
Skádæla	12.000	dag	9000 eftir þrjá daga
Brunndæla	12.000	dag	9000 eftir þrjá daga
Rúlluvagn	6.000	dag	+90kr/km Lágmarksgjald 10.000
Fjölnotakerra	8.000	dag	Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 9500
3ja hesta kerra	6.500	dag	Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 8500
Athafnakerra	6.500	dag	Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið borga 8500
Klaufskurðarbás fyrir fé	8.000	dag	
Steypuvél	150	poka	Startgjald 5000
Staurabor	4.000	klst	Lágmarksgjald 6000 kr
NYTT Þyngdarklossi 1800kg	5.000	dag	
Þrífagjald	20.000		

Fundarsprettur 30. apríl

Allir þeir sem vilja koma að dagskrárgerð sveitahátíðarinnar sem haldin verður hér í sveit dagana 14.–17. júní eru boðaðir á opinn fund í

ÁRNESI, ÞRIÐJUDAGINN 30. APRÍL, KL. 20.00.

Tökum á sprett saman og neglum niður frábæra dagskrá fyrir sveitahátíðina. Sjá nánar um hugmyndir að sveitahátíðinni í síðasta fréttabréfi.

Allir áhugasamir eru hvattir til að mæta.

Allar hugmyndir vel þegnar.

Einkum og sér í lagi hvetjum við þá til að koma sem eru að framleiða alls konar, s.s. skart, mat, klæði, handverk hvers konar, o.s.frv., og taka þannig þátt í skipulaginu frá byrjun.

Hvetjum einnig alla til að koma sem hafa áhuga á því að vera með einhvers konar uppakomur, sölubása, gjörninga eða hvaðeina.

Eruð þið með góða hugmynd að nafni á hátíðina?

Björ verður seldur gegn vægu verði og jafnframt verður hægt að gæða sér á pizzu.

Menningar- og æskulýðsnefnd SkogGn.

mennogaesk@gmail.com



Getraunanúmer Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802

Vantar þig skrifstofuaðstöðu?

Ein af þeim hugmyndum sem hafa komið upp, er að samnýta húsnæði bókasafnsins í Brautarholti fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki. Ef þetta er eitthvað sem þú hefur áhuga á, kíktu endilega á okkur á bókasafninu fimmtudagskvöldið 25. apríl kl. 20.

Ef þú sérð þér ekki fært að mæta getur þú haft samband í gegnum gjalpfelag@gmail.com

Gjálpar

Aðalfundur Gjálpar

Aðalfundur Gjálpar verður haldinn að kvöldi Sumardagsins fyrsta, 25. apríl næstkomandi, kl. 20:30 í húsnæði bókasafnsins í Brautarholti. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf

Við leitum að áhugasömu fólki til að starfa með okkur í stjórn félagsins. Áhugasamir geta haft samband í gegnum gjalpfelag@gmail.com

Stjórnin

Opið hús Árnesi!

Selásbyggingar ehf. eru núna að byggja raðhús 3x90 fermetra íbúðir í Bugðugerði 3 Árnesi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Opið hús verður 12. apríl frá klukkan 15-19.

Allir velkomnir að skoða framkvæmdir.



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastígur 8, 845 Flúðir



Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalat með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks- og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

Eftirréttir

Sveppaís	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á booking@farmersbistro.is og s. 519-0808

farmersbistro, farmersbistro.is

Boðað er til aðalfundar Búnaðarfélags Gnúpverja þann 23. apríl 2019 í Árnesi kl 20:30

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjalkera, ársreikningur lagður fram.
3. Fræðsluerindi. **Minni plastnotkun í landbúnaði.** Finnþógi Magnússon.
4. Kaffihlé
5. Inntaka nýrra félaga
6. Kosningar
7. Önnur mál

Aðalfundur Ungmennafélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi þriðjudag 16. apríl kl 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Dagskrá sumarsins

Allir velkomnir

Stjórnin.

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Sigurgeir verður haldinn í húsnæði félagsins Suðurbraut 1 mánadaginn 15. apríl kl 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýjir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin.



www.hruni.is
facebook.com/hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Páskahátíðin nálgast og að þessu sinni verða tvær fermingaratahafnir á þeim tíma. Páskamessur í prestakallinu verða tvær. Að lokinni hátíðarmessu í Hruna kl. 8 býður sóknarnefnd þar upp á morgunverð í safnaðarheimilinu. Að venju verður Passíusálmalestur í Hrepphóla kirkju á föstudaginn langa með þátttöku fermingarbarna og fjölskyldna þeirra, sem og eldri borgara og annarra úr prestakallinu. Boðið verður upp á kaffiveitingar í safnaðarheimilinu á meðan á lestrinum stendur.

Helgihaldið framundan er sem hér segir:

14. apríl - pálmasonnudagur:

Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

Fermd verða:

Alda Sól Hauksdóttir, Ásum

Anna Lovisa Duerholt, Glóruhlíð

Freydís Júlía Guðmundsdóttir, Vestra-

Geldingaholti

Prándur Ingvarsson, Prándarholti 4

18. apríl - skírdagur:

Ferming í Hrepphóla kirkju kl. 13.

Fermdar verða:

Guðrún Lilja Árnadóttir, Galtafelli

Valdís Una Guðmannsdóttir, Lang-

holtskoti

19. apríl - föstudagurinn langi:

Passíusálmalestur í Hrepphóla kirkju

frá kl. 13 til 17:30.

21. apríl - páskadagur:

Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og

hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

25. apríl - sumardagurinn fyrsti:

Fjölskylduguðsþjónusta í Ólafsvalla-

kirkju kl. 11. Lok barnastarfs.

Gleðilega páska - sjáumst í kirkjunni.
Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur

Messa unga fólksins hugleiðing flutt 10. febrúar sl.



Góðan dag kæri söfnuður

„Það var enginn sjónvarps-eða tölvutími þegar við vorum lítil. Við fórum út að leika okkur og töluðum saman, vorum ekki alltaf inni.“

Kæri söfnuður þetta er viðhorfið sem margir meðlimir eldri kynslóðanna hefur til okkar unga fólksins. Við erum víst ekki nógu vakandi og tökum ekki nægilega mikið eftir umhverfi okkar og aðstæðum.

En ef þið lituð lengra inn, inn fyrir veggina sem mannfólkinu hættir til að byggja í kringum sjálft sig og í gegnum fordómanna, gætuð þið séð hversu stórbrotin kynslóð við erum í raun og veru.

Við erum kynslóðin sem lætur í sér heyra, við erum

kynslóðin sem flokkar ekki fólk eftir kyni, aldri, kynhneigð eða uppruna. Við erum kynslóðin sem skilur og veit svo miklu meira en þið haldið. Við erum kynslóðin sem kemur til með að þurfa að lifa á eyðilagðri jörð vegna óvirkni stjórnarmanna um allan heim við hlýnun jarðar. Við erum kynslóðin sem gerir sér grein fyrir hættunni og er tilbúin að grípa til aðgerða.

Meðal okkar hér í dag eru framtíðar lögfræðingarnir, lækarnir, íþróttastjórnumar, leikararnir og svona mætti lengi áfram telja, möguleikarnir eru óendanlegir.

Það sem er mikilvægt að muna að við erum ung og vitlaus og rétt byrjuð að fóta okkur í lífinu. Við erum alltaf að gera einhvað heimskulegt, en við lærum smátt og smátt þegar við eldumst og þroskumst.

Ég vil fyrir hönd okkar unga fólksins biðja ykkur að hlusta á það sem við höfum að segja með opnum huga, sýna skilning. Og hver veit, kannski lærið þið eitthvað nýtt.

Iðunn Ósk Jónsdóttir, Ásum

Kvenfélag Gnúpverja 90 ára afmælisfagnaður 4. maí



Kvenfélag Gnúpverja var stofnað 28. apríl 1929 og verður því 90 ára innan tíðar.

Þegar félagið var stofnað fyrir 90 árum er óhætt að segja að aðrar áherslur hafi verið lagðar í félaginu. Þá fóru konur sjaldan að heiman og var félagskapur sem þessi því kjörið tækifæri til að hittast, skiptast á skoðunum, láta til sín taka, fá góð ráð hjá hverri annarri og ekki síst að láta gott af sér leiða.

Í dag er megintilgangur félagsins að mestu leyti sá sami og fyrir 90 árum en það sem hefur kannski helst breyst er að konur eru dálítið mikið meira á ferðinni heldur en var fyrir 90 árum. Félagið sjálft stendur fyrir alls konar ferðum og svo eru konur almennt afskaplega duglegar við að ferðast innanlands sem utan.

Afmælisferð í bomsum eða á spariskóm

Í tilefni 90 ára afmælisins býður kvenfélagið öllum félagskonum í skemmtiferð og á afmælishátíð, laugardaginn 4. maí. Farið verður vítt og breitt um sveitir, komið við á ýmsum stöðum og boðið upp á guðaveigar og meira til. Dagurinn endar á hátíðarkvöldverði í Árnesi um kvöldið.

Lagt verður af stað kl. 10.00 frá Árnesi þar sem byrjað verður á að halda örstuttan vörfund á heimili kvenfélagsformannsins að Heiðarbrún og verður afmælisdeginum þar jafnframt fagnað.

Síðan munum við leggja af stað út í vorið í bomsum eða spariskóm, í kjól eða pils, buxum eða stuttbuxum, sokkum eða berfættar, með varalit og kinnalit, túberaðar eða ekki og í meiriháttar góðu skapi.

Dagurinn endar svo á því að makar nokkurra félagskvenna sjá um matseld og annað dekur við heimkomu í Árnes. Allir hinir makarnir, sem ekki elda, mæta náttúrulega í kvöldverðinn og verða með í skemmtuninni og vaska svo kannski bara upp.

Félagskonur sem ekki komast í ferðina en vilja vera með í hátíðinni um kvöldið eru að sjálfsögðu velkomnar.

Panta þarf í ferðina og/eða í matinn ekki seinna en á afmælisdaginn sjálfan, 28. apríl

Anna Ásmundar

annakrasm@gmail.com

Sími: 486-6080/896-6430

Ingibjörg Stefánsdóttir

ingibjostef@gmail.com

sími: 482-1972/864-2972

Sigríður Bj. Gylfadóttir

steinsholt@visir.is

sími: 486-6097/698-0433

Sigrún Bjarnadóttir

fossnes@uppsveitir.is

sími: 486-6070/895-8079

PÁSKABINGÓ

Kvenfélag Gnúpverja heldur barna- og fjölskyldubingó í Árnesi

Laugardaginn **20. apríl** klukkan **11:00**

Vinsamlegast komið með pening því að enginn posi er á staðnum.

Allir velkomnir

